

Nr.: GAT-044	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016	RALV1RÖ03 – Verkefni 2.	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

Verkefni 3 – Raflögn með tenglum.

Þetta verkefni er framhald af verkefni 2.

Núna þurfið þið að bæta við tveim rofadósum og leggja rör að þeim. Þið þurfið að vanda ykkur við að beygja rörin svo verkefnið líti vel út. Þær mega ekki vera of krappar og ekki of víðar.

Teiknið fjöllínmynd eftir einlínumyndinni þar sem tilgreind eru heiti og litir víra og sýnd tákn. Þegar þið hafið fengið hana samþykka hjá kennara megið þið byrja að draga víra í rörin og tengja rofa og perustæði.

Athugið að öll mál eru gefin upp í millimetrum.

Þegar þið teljið ykkur vera búin að tengja kallið þið í kennarann sem fer yfir tengingar með ykkur áður en þið prófið.

Þegar þið hafið lokið við verkefnið takið þið mynd af spjaldinu ykkar sem fer í ferilbókina ásamt fjöllínumyndinni og ykkar lýsingu á verkefninu.

Í lýsingu á að koma fram hvernig ykkur gekk að vinna verkefnið, hvað ykkur fannst erfitt og svo annað sem þið viljið að komi fram.

